



**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS**  
Iceland University of the Arts

## **Vatnshóll**

*Ævintýri íbúana*

Kolfinna Eypórsdóttir

**Lokaverkefni til BA-prófs**  
**Listaháskóli Íslands**  
**Hönnunar og arkitektúrdeild**  
**Haustönn 2022**



# Vatnshóll

## Ævintýri íbúana

Kolfinna Eypórsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í arkitektúr

Leiðbeinandi: Bjarki Gunnar Halldórsson

Arkitektúr

Hönnunar og arkitektúrdeild

Haustönn 2022

Ritgerð þessi er 6 ECTS eininga lokaverkefni til BA-prófs í arkitektúr við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

## Útdráttur

Í þessari ritgerð er fjallað um íbúalýðræði á Íslandi í samhengi við þéttingu byggðar. Leitast er við að sýna fram á samspil milli íbúa og borgaryfirvalda um uppbyggingu byggðar, mikilvægi íbúalýðræðis og hvernig mætti gera betur með fordæmi erlendra stofnanna. Íbúar eru sérfræðingar í eigin umhverfi og vita hvernig má varðveita það. Í ritgerðinni er tekið dæmi um ákveðið grænt svæði í hverfi 105 í Reykjavík sem var tekið var til framkvæmda þrátt fyrir mótmæli íbúa. Svæðið sem umræðir er Vatnshólinn við Háteigsveg. Nýtt deiliskipulag olli töluverðri mótspyrnu í hverfinu þegar það var samþykkt af Reykjavíkurborg. Fyrir mörgum íbúum hverfisins er Vatnshóll samkomustaður í kringum óspillt grænt svæði sem beri að varðveita vegna þeirra fáu svæða sem eru eftir í hverfinu. Höfundur leitast við að skýra tengingu íbúa við ákveðin svæði í sínu nærumhverfi og mikilvægi þess að íbúar fái raunveruleg tækifæri til að móta hverfið sitt í samvinnu við yfirvöld.

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
1. Staðartenging.....	7
2. Vatnshóll .....	8
2.1 Áramótahefðin .....	9
2.2 Sleðabrekkan .....	10
3. Framkvæmdir hófust .....	11
3.1 Hvernig geta íbúar skapað borgina? .....	12
3.2 Hvar getum við fengið innblástur? .....	14
4. Hvernig getum við haldið í ævintýrin? .....	16
Niðurlag .....	18
Heimildaskrá .....	19

## Inngangur

Another way to define these types is in the term of the processes of place attachment. In other words, genological place attachment is maintained, strengthened and acted upon by living in a place, by being born or marrying into a household, or by staying in a location for a period of time: the process of attachment, therefore, is the experience of living or being in a location. Place attachment through loss or destruction is activated retrospectively, through the process of losing the place and the subsequent reminiscing and re-creating through memory of a place is now destroyed, uninhabited, or inaccessible.<sup>1</sup>

Þessi tilvitnun kemur úr *Place Attachment* eftir Irwin Altman og Setha M. Low, þar sem þeir rannsaka tengingu manna við ákveðna staði í lífi þeirra og hvernig þær tengingar þróast með tímanum.<sup>2</sup> Hver og ein persóna sem ólst upp við götur Reykjavíkur, hefur tengingu við nokkra staði í borginni. Að mynda tengingu við stað helst í hendur við upplifun okkar og minningar sem áttu sér stað þar. Hver upplifun og minning er frábrugðin næsta manni sem gerir borgina óútreiknarlega. Fyrir suma getur staður þýtt marga hluti en fyrir öðrum er hann hugsanlega merkingarlaus. Hver og einn staður í Reykjavík er breytilegur eftir einstaklingum og getur horfið smátt og smátt. Breytingar geta verið erfiðar sér í lagi þegar þær hafa áhrif á staði sem skipta mann máli. En getum við haft áhrif á þær breytingar í umhverfinu okkar? Ef svo er, hvernig?

Í þessari ritgerð mun ég fjalla um mína eigin reynslu á hversu mikil áhrif staðartenging getur haft á íbúa. Um er að ræða grænt svæði í æskuhverfi mínu, Vatnshól, sem hefur verið uppspretta margra minninga hjá bæði börnum og fullorðnum í hverfinu. Vorið 2020 fengu íbúar í hverfinu tilkynningu um að nýtt deiliskipulag hafi verið samþykkt af Reykjavíkurborg og nýjar byggingar myndu vera byggðar við hliðina á hólnum á grænu lóð hólins. Íbúar í hverfinu gerðu allt í sínu valdi til þess að stöðva þessar framkvæmdir en allt kom fyrir ekki, framkvæmdir hófust. Ég mun fjalla um mínar eigin upplifanir og minningar af Vatnshólnum áður en breytingarnar hófust. Nú þegar Reykjavíkurborg er að ráðast í þvílíkar breytingar og umhverfið okkar er í sífelldri mótun, er gott að huga að tilfinningum okkar til ákveðinna staða. Munum við ennþá finna fyrir sömu tilfinningum eftir breytingarnar? Og ef ekki, hvernig getum við endurskapað ævintýrin og tenginguna þegar umhverfið breytist?

---

<sup>1</sup> Irwin Altman og Seth M. Low, *Place Attachment*. 12. útg. (New York: Plenum Press, 1992), bls 168.

<sup>2</sup> Altman og M. Low, *Place Attachment*, bls 1-2.





# 1. Staðartenging

Það sem gerir mannfólk að tilfinningaverum er að við hrífumst og myndum tengls við ákveðna hluti og staði í umhverfinu okkar. Það getur verið húsið sem við ólumst upp í sem börn, leikvöllurinn við gamla grunnskólann, kjörbúðin þar sem nammið var keypt á laugardögum eða gamalt eikartré þar sem börn klifruðu í á sumrin. Af hverju tengjum við tilfinningar eins og hamingju, sorg eða von á sérstökum stöðum í borginni og hví eru þær tilfinningar oft á tíðum frábrugðnar öðrum? Greining okkar á staðsetningum kemur frá tilfinningalegri upplifun og tengingu okkar við þær sem hafa fylgt okkur frá upphafi þeirra. Þetta kallast *staðartenging*.<sup>3</sup> Staðartenging er miðpunktur samspils milli áhrifa og tilfinningar sem við berum til staðar, að meðtaldri þekkingu og viðhorfa okkar til staðar og hvers konar hegðun og athöfn eiga sér stað. Þegar staður öðlast merkingu í gegnum þessa þætti þá hafa myndast tengls við þann stað.<sup>4</sup> Sumir arkitektar halda því fram að þegar við leggjum byggingar að jöfnu við mannlíkamann, leitumst við eftir skýrri hönnunargreiningu á milli fram-og bakhliðar, upp og niður, innan og utan.<sup>5</sup> Sértekni þættirnir eru minna mikilvægir en athafnir vitsmuna, skipulags og fullkomins samhengis. Slíka tengingu manna við stærra landslag má skilja sem sérstaklega mannlega hliðstæðu við siðfræðihugtakið heimasvæði.<sup>6</sup>

Margir gera sér ekki grein fyrir þessu tengslum fyrr en ljóst er að til standi að breyta skipulagi, hlutverki og eða ásýnd tiltekinna svæða. Tilgangur kaflans er að beina sjónum að á hversu mikil áhrif ákveðin svæði hafa á íbúana sem umgangast þau daglega. Reykjavík hefur tekið töluverðum breytingum á síðustu árum, bæði vegna lagfæringa og aukinna framkvæmda. Lóðir og græn svæði mega síns lítils frammi fyrir aukinni húsnæðisþörf og kröfu um þéttingu byggðar. Það er mín tilfinning að borgarbúar hafi ekki mikla stjórn á uppbyggingu borgarinnar, þrátt fyrir að við séum notendur hennar og flest okkar verji ævi okkar í borg.

---

<sup>3</sup> Altman og M. Low, *Place Attachment*, bls 2.

<sup>4</sup> Altman og M. Low, *Place Attachment*, bls 3.

<sup>5</sup> Altman og M. Low, *Place Attachment*, bls 12

<sup>6</sup> Altman og M. Low, *Place Attachment*, bls 12.

## 2. Vatnshóll

Vatnshóllinn er staðsettur við Háteigsveg, við hliðina á gamla Stýrimannaskólanum og vestan við Vatnshóllinn stendur Háteigskirkja. Þessar tvær fallegu og gömlu byggingar einkenna Háteigshverfið. Margir gera sér ekki grein fyrir hversu fallegu útivistarsvæði Háteigshverfi býr yfir. Aðspurð hvar ég ætti heima hefur nokkrum sinnum komið fyrir að fólk teldi svæðið einvörðungu vera undir atvinnustarfsemi. Margir nota Háteigshverfið til að forðast eða stytta sér leið í daglegu umferðarkreppunni sem byrjar á milli klukkan 16 til 17 þegar fólk er á heimleið eftir vinnu. Það sem fáir sjá er að handan við íbúðarhúsnæðin leynist falleg óspillt græn svæði sem er ákveðið andsvar við annars fremur óaðlaðandi götumyndum hverfisins.

Vatnshóllinn er ekki dæmigerður „hóll“. Vatnshóll er 6,75 metra hár og ber tvo steinsteypa kaldavatsgeyma sem voru byggðir í þeim tilgangi að bæta úr vatnsskorti í bænum og tryggja nægan vatnsþrýsting í hverfinu.<sup>7</sup> Sá eldri sem stendur til vestur, var byggður árið 1916 og er hann fyrsta mannvirkið sem reis á holtinu. Seinni kaldavatsgeymirinn var byggður í kringum 1930.<sup>8</sup> Stoðir hólsins eru steyptar og hann svo klæddur með torfi.<sup>9</sup> Með árunum hefur íbúabyggð umhverfis Vatnshól vaxið og svæðið notið vinsælda til útivistar. Það er margt í umhverfinu sem virkjar skynfærin líkt og saga svæðisins kalli á mann. Í þessu samhengi mætti nefna eldgamla götugrafið og veðruð steypan sem geymir óteljandi minningar og leyndarmál. Vatnshóllinn er fallegur allt árið um kring, um vetur er hann þakinn snjó og lítur út fyrir að vera risavaxið snjóvirki þar sem börn og unglingar fara í snjóstríð og á sumrin er hann ofur grænn og þakin fíflum og býflugum. Fallegu trén sem eru umkringd Vatnshólnum veita gott skjól og felustað, hvort það sé fyrir börn í feluleikjum eða fyrir kött á fuglaveiðum. Helsti máttur Vatnshólsins sem fáir vita af er að hann er leynilegur útsýnispallur, þaðan sést yfir alla Reykjavík, allt frá Hallgrímskirkju, til Perlunar og yfir til Esjunnar. Það er algengt fyrir íbúa sem eiga leið hjá og taka eftir fallegum norðurljósum eða sólsetrinu og fara upp á Vatnshól til að fá betri yfirsýn á þessar náttúrulegu undrun. Vatnshóll er áfangastaður sem inniheldur margar minningar. Hann uppspretta ímyndunarafls krakka í hverfinu eða leynistaður fyrir hormónafulla unglunga.

---

<sup>7</sup> Reykjavíkurborg, Umhverfis- og skipulagssvið. 6.febrúar 2020. *Sjómannaskólareitur*. Borgarráð Reykjavíkur, 101 Reykjavík.

<sup>8</sup> Reykjavíkurborg, Umhverfis- og skipulagssvið. 6. febrúar 2020.

<sup>9</sup> *Heimsmínjar*. Ártal ekki vitað. Torfbærir á Íslandi. Sótt 6. nóvember 2022 af [http://www.heimsminjar.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=10:torfbaeir-a-islandi&catid=9:verkefni&Itemid=15](http://www.heimsminjar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=10:torfbaeir-a-islandi&catid=9:verkefni&Itemid=15)

## 2.1. Áramótahefðin

Frá því ég man eftir mér hef ég fagnað nýju ári upp á Vatnshól umkringd fjölskyldu, vinum og fullt af ókunnugu fólki. Við klæðum okkur í hlý útiföt, pelsa og skemmtilegar dúskahúfur eru miklu uppáhaldi hjá okkur og móðir okkar sér til þess að allir séu með öryggisgleraugun uppi fyrir áramótartertuna sem pabbi kaupir af Björgunarsveitunum. Við horfum á flugeldana skjótast upp í háloftin og nokkrum sekúndum seinna blasir við okkur margs konar litir í öllum stærðum og gerðum. Þegar klukkuna vantar tíu mínútur í miðnætti þá er förrinni heitið á Vatnshólinn. Ef snjór er og frost, er mikil áskorun að komast upp á topp Vatnshóls. Ég mun aldrei gleyma hlátrinum í okkur öllum þegar við misstum fótana í brattri Vatnshólsbrekkunni og runnum aftur niður á byrjunarreit. Pabbi er vanalega fyrstur til að komast upp á Vatnshól og aðstoðar okkur hin með síðustu metrana. Útsýnið sem tekur á mótí okkur er hrífandi. Við sjáum yfir alla Reykjavík og flugeldana sem er verið að sprengja af íbúum hennar. Á Vatnshólnum eru allir jafningjar. Fjölskyldur í hverfinu ákveða að fara úr hlýjunni yfir í útiveruna og vilja fagna nýju ári með ókunngu fólki á friðuðu grænu svæði í hverfinu þeirra. Fagna nýju ári og kveðja það gamla í náttúrunni umkringd hlátri barna og fullorðna undir berum himni. Fólk sem ekki sést oft hittist þarna.

Við teljum niður síðustu sekúndur af hinu liðna ári saman og hrópum „Gleðilegt nýtt ár“ þegar klukkan slær 12 á miðnætti og hægt er að sjá klukkuna á gamla Sjómannaskólanum. Sumir taka með sér kampavín og falleg glös og stemmningin er hátíðleg þegar tapparnir skjótast úr flöskunum. Það er sárt að hugsa til þess að þessi skemmtilega hefð í hverfinu mun ábyggilega deyja út hjá mörgum fjölskyldum þar sem upplifunin á Vatnshólnum verður ekki sú sama. Áður fyrr voru engar hindranir á vegi okkar en þar sem búið er að byggja í kringum hólinn og allt orðið þrengra. Nú þegar framkvæmdum fer að ljúka og nýir íbúar munu flytja inn í hverfið. Það verður spennandi að sjá hvernig næstu áramót munu verða í hverfinu, hvort að fólk muni haldi áfram að safnast saman við hólinn og á honum eða hvort þessi hefð muni deyja út. Munu íbúarnir finna aðra leið að hólnum og fagna þar á annan hátt en áður? Breytingar þurfa ekki endilega að þýða að hefðin sem slík leggist af.

## 2.2. Sleðabrekkan

Vatnshóls brekkan var bakgarður fjölmargra barna í hverfinu. Það skipti ekki máli hvort barn átti stóran garð eða lítinn garð. Vatnshóll var og er enn útivistarstaður fyrir alla íbúa í hverfinu. Það hefur alltaf verið mikill fögnuður þegar fyrsti snjórinn kom. Börn í hverfinu hlupu af stað í snjógalla og tóku snjóþotur með sér upp Vatnshólsbrekku og renndu sér niður. Þannig hafði það alltaf verið frá því að hverfið byggðist upp. Pabbi minn og vinir hans í grunnskóla léku sér einnig á þessum slóðum þegar þeir voru krakkar. Á hverjum vetri fórum við systurnar saman á sleða niður Vatnshóllinn, allar í alveg eins snjögöllum þrátt fyrir aldursmun okkar en sem ég fann bara fyrir vegna þess að hlutskipti mitt var að fá rassapotuna á meðan eldri systur mínar þutu niður brekkuna á stýrisleðum. Ég horfði af öfund á eldri systur mínar á stýrisleðum og man ég vel eftir því þegar ég útskrifaðist úr rassapotunni á stýrisleðann þegar elsta systir mín var orðinn táningur og vildi ekki lengur koma með okkur út að renna. Efst uppi í brekkunni á Vatnshólnum er nánast þverhnipt nokkra metra og var því ekki hvaða sex ára barn sem er, sem þorði að láta sleðann sinn gossa niður alveg frá topp. Hægt og rólega vann maður sig ofar og ofar í brekkuna þar til loksins nægum kjark var safnað til að fara niður svörtubrekkuna.

Adrenalínið sem ferðast um líkama minn þegar ég ýtti mér af bruninni og niður brekkuna, var ábyggilega sú ótrúlegasta upplifin sem sex ára barn getur fundið. Á þessum stundum fann ég lífið innra með mér þegar hjartað hamaðist í brjóstið mér þegar ég rann niður brekkuna og hafði enga hugmynd hvernig ég myndi lifa þetta af. Allar þessar tilfinningar eru ástæðan fyrir því að Vatnshóllinn er svo áhrifaríkur og minnisverður fyrir íbúana í kring. Vatnshóllinn var byggður árið 1916<sup>10</sup> til þess að gegna allt öðrum tilgangi en hann í raun gerir, íbúar sem hafa búið þarna í kring í tugi ára hafa skapað nýjan tilgang fyrir hann. Þau sköpuðu samkomustað, stað þar sem fólk úr ýmsum áttum hittist og börn búa sér til æskuminningar.

---

<sup>10</sup> Reykjavíkurborg, Umhverfis-og skipulagssvið. 2020.

### 3. Framkvæmdir hófust

Vorið 2020 fengu íbúar í þriðja hverfi, Hlíðar og Holt tilkynningu um að nýtt deiliskipulag hafi verið samþykkt af borgarráði. Á byggingarreit við Sjómannaskólann var óspillt grænt svæði, Vatnshóll. Íbúar í hverfinu urðu fyrst gáttaðir sem fljótt breyttist í óánægju. Þau skildu ekki af hverju Reykjavíkurborg væri síendurtekið að rífa af þeim grænu svæðin. Borgin hafði varla lokið einu deiluskipulagi þegar þau voru byrjuð að samþykkja það næsta. Hér ber að nefna að stefna Reykjavíkurborgar tekur mið af grænum svæðum í öllum hverfum til að stuðla að aukinni lýðheilsu fólks. Getur samt verið að borgin seilist inn á þau græn svæði sem er raunverulegur vettvangur fyrir íbúa?

Íbúar ákváðu að setja fótinn niður og það leið ekki að löngu þar til mótmæli byrjuðu gegn hinu nýsamþykka deiliskipulagi. Börn í nágrenninu, sem höfðu alist upp við að renna sér niður Vatnshólinn á snjópotum á köldum vetrardögum og farið í allskyns leiki á svæðinu, tóku jafnan þátt í mótmælunum og þau fullorðnu. Vatnshóllinn var og er þeirra helsti leikvöllur. Börn söfnuðu undirskriftum frá íbúum og fleiri en 200 manns skrifuðu undir undirskriftalista sem var afhentur Degi B. Eggertsyni.<sup>11</sup> Þrátt fyrir þessa mikla vinnu hjá börnunum þá var fyrsta skóflustungan tekin að framkvæmdum þann 17. mars 2021. Á mótmælunum sungu krakkarnir „Leiksvæðið er okkar“ við lag Emmsjé Gauta „Reykjavík er okkar og sum börn stungu niður krossum sem á stóð „Ævintýrin okkar“.<sup>12</sup>

Facebook hópur var stofnaður og stuttu eftir tilkynninguna um nýja deiliskipulagið og hann var skírður „Vinir Vatnshólsins“. Í hópnum tjáði fólk sig um þessar aðgerðir og að borgaryfirvöld væru að ganga of langt í þéttingu byggðar, sérstaklega í þessu tiltekna hverfi, líkt og íbúi greindi frá í facebook færslu í „Vinir Vatnshólsins“. Íbúar lögðu áherslu á að þétting byggðar væri almennt af hinu góða en í þessu hverfi væri hægt að tala um ofþéttingu. Þetta mætti skýra sem dæmi um „ekki í mínum bakgarði“ hugsun, sem er stundum kallað Nimby-ismi. Hugtak sem er oft vísað í þegar íbúar eru með mótspyrnu gegn bygginga framkvæmdum af hálfu fyrirtækja eða ríkisaðila í sínu nærumhverfi.<sup>13</sup> Forsvarsmenn verkefnanna hafa tilhneigingu að nota þessa setningu á neikvæðan hátt þegar íbúar eru ófúsir til samvinnu. Inn á milli hafa fyrirtæki og stofnanir verið snögg að svara mótmælum

---

<sup>11</sup>Lovísa Arnardóttir, „Ekki búnar að gefast upp á Vatnshólnum.“ *Fréttablaðið*. 17. apríl, 2021. Sótt 26 september 2022 af <https://www.frettabladid.is/frettir/ekki-bunar-ad-gefast-upp-a-vatnsholnum/>.

<sup>12</sup> Lovísa Arnarsdóttir, „Ekki búnir að gefast upp á Vatnshólnum.“

<sup>13</sup> Peter D. Kvinder og John P. Rafferty. „Not in My Backyard Phenomenon.“ *Britannica*, 14. júní 2016. <https://www.britannica.com/topic/Not-in-My-Backyard-Phenomenon>.

íbúa sem nimby-isma, neikvætt hugtak sem á það til með að skilgreina íbúa sem eigingjarna aðila sem harðneita framkvæmdum einungis í sínu nærumhverfi. Hvað ef íbúar hafa raunverulega rétt fyrir sér en opinberar stofnanir afgreiða það sem nimby-ismi? Hví hefur hugtakið ekki jákvæða lýsingu í staðinn fyrir neikvæða. Íbúar mótmæla ekki einungis vegna sjálfsekskra ástæða heldur líka vegna umhyggju til staðarins og heildarinnar.

Borgaryfirvöld segjast leggja áherslu á að þétting eigi að vera á eldri atvinnulóðum og öðrum vannýttum svæðum en hefur nú gengið á græn svæði borgarinnar sem er nú þegar af skornum skammti.<sup>14</sup> Þrátt fyrir að Klambratún sé handan við hornið, treysta ekki allir foreldrar sér til að senda börn sín þangað ein án eftirlits. Einnig er Klambratún staðsett á milli tveggja stóra umferðagatna þar sem umferð er mikil. Klambratún er mjög frábrugðið óspilltum grænum lóðum borgarinnar, því þar fær náttúran ekki að leika lausum hala og er allt þrælskipulagt þar. Íbúar gagnrýndu einnig að öll myndræn framsetning í ferlinu hafði verið villandi. „Hlutföll röng og svæði teygð til að blekkja augað“.<sup>15</sup> Íbúar tjáðu sig um að þeim fyndist þetta var hreinn blekkingarleikur borgaryfirvalda. Þrátt fyrir margskonar mótmæli, barna og fullorðinna, íbúafundi, undirskriftalista og mikla vinnu hverfisbúa kom allt fyrir ekki, framkvæmdir hófust.

### 3.1. Hvernig geta íbúar skapað borgina?

Í sjálfstæðu ríki er lýðræði, þar sem einstaklingar taka afstöðu til siðferðilegra álitamála og taka virkan þátt í mótun samfélagsins. Íslenskir ríkisborgar njóta mannréttinda og fá að taka þátt í stefnumótun með lýðræðislegum kosningum.<sup>16</sup> Sama gildir um íbúalýðræði í hverfum Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg hefur kynnt nokkrar leiðir þar sem borgarbúar geta tjáð sig um skipulag borgarinnar og breytingar á eigin hverfum, til er verkefnið, *Hverfið mitt*.<sup>17</sup> Í Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar frá árinu 2020 til 2030 er lögð áhersla á að efla lýðræðislega þátttöku borgarbúa og veita þeim aukin völd til áhrifa á

---

<sup>14</sup> Íbúasamtök 3.hverfis-Hlíðar, Holt og Norðurmýri. 2020, 25. maí. Frá Íbúasamtökum í vesturhluta Reykjavíkur. Á Facebook (Vinir Vatnshólsins). Sótt 26. september 2022 af <https://www.facebook.com/vinirvatnsholsins/>.

<sup>15</sup> Águst Ingi Jónsson, „Blekkningarleikur sem rímar illa við staðreyndir.“ *Morgunblaðið*, 13. febrúar 2021.

<sup>16</sup> Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. 2012. Ritröð um grunnþætti menntunar. *Lýðræði og Mannréttindi*, bls. 1. Ritstýrt af Aldís Yngvadóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

<sup>17</sup> *Reykjavík*. Ártal óvitað. Hverfið mitt. Sótt 5. nóvember 2022 af <https://reykjavik.is/hverfid-mitt>.

eigin hverfi.<sup>18</sup> Lögð er áhersla á góðar samræður milli íbúa og fulltrúa borgaryfirvalda til að fá mismunandi sjónarmið fyrir farsælli ákvörðunartöku um borgarmálefni. Ekki mörg íslensk sveitarfélög höfðu sett sér lýðræðisstefnu árið 2020 og af þeirri ástæðu opnaði Reykjavíkurborg fyrir samráðsvefinn *Betri Reykjavík*, þar sem allir íbúar eru hvattir til þess að setja inn skoðanir um tiltekin málefni.<sup>19</sup> Íbúar eru nefnilega sérfræðingar í sínu nærumhverfi, ættu þeir að hafa mest um þróun þess að segja.<sup>20</sup>

Anna G. Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga skrifaði skýrslu árið 2012 sem fjallar einnig um *Íbúalýðræði*, þar fer hún yfir grundvallarreglur íbúasamráð. Til þess að íbúasamráð hafi tilgang og beri árangur, þarf að bera virðingu fyrir þeim og þeim gefin réttur til ákvörðunartöku.<sup>21</sup> Í skýrslunni minnst Anna á að það sé á ábyrgð kjörinna fulltrúa að taka ákvörðun um íbúasamráð. „Það er nauðsynlegt að þeir hafi trú á íbúasamráði, séu tilbúnir að hlusta og taka tillit til sjónarmiða íbúa.“<sup>22</sup> Með því er jafnframt mikilvægt að upplýsa starfsmenn og kjörna fulltrúa um mikilvægi íbúasamráða og hvaða sjónarmiðum skal taka mið af við framkvæmd þess.<sup>23</sup>

Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út handbók árið 2017, um íbúalýðræði í sveitarfélögum sem er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. Í handbókinni er fjallað um mikilvægi þekkingaruppbyggingu um íbúasamráð íslenskra sveitarfélaga og kynnir aðferðir til að auka samráð við íbúa og virkja þá til jákvæðra þátttöku.<sup>24</sup> Tekin eru dæmi um farsæl íbúasamráð í erlendum borgum sem taka mið af svipuðum vandamálum og ákvörðunum og héraðs. Innlendir og erlendir rannsóknir sýna að sveitarstjórnir sem koma sér upp samráðsmenningu njóta meira trausts meðal íbúa og það er meiri ánægja með stjórnun og þjónustu sveitarfélagsins.<sup>25</sup> En í hverju felst samráðið? Í samráði felst að hlusta af áhuga og ræða um þá hluti. Ef fólk upplifir að hlustað sé á það, er það mun líklegra að það hlusti á aðra og finni til ábyrgðar. Ef hópar ræða ekki saman og hunsa skoðanir annarra er hætta á að sjóndeildarhringurinn þrengist og þeir taki ekki mark á íbúasamráði.<sup>26</sup>

---

<sup>18</sup> Reykjavíkurborg. 2021. *Lýðræðisstefna Reykjavíkurborgar 2021-2030*. Borgarstjórn, Reykjavík.

<sup>19</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga. 2020, 20. nóvember. *Reykjavíkurborg vinnur að lýðræðisstefnu í samráði við íbúa*. Sótt 10. október 2022 af <https://www.samband.is/frettir/reykjavikurborg-vinnur-ad-lydraedistefnu-i-samradi-vid-ibua/>.

<sup>20</sup> Árni Rúnar Þorvaldsson, „Sveitarfélögin og íbúalýðræði.“ *Vísir*, 21. Janúar 2022. Sótt 10. október 2022 af <https://www.visir.is/g/20222211704d/sveitar-fe-login-og-i-bua-lyd-raedi>.

<sup>21</sup> Anna G. Björnsdóttir. Mars 2012. *Íbúalýðræði – yfir og allt um kring*. Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík.

<sup>22</sup> Anna G. Björnsdóttir, 2012.

<sup>23</sup> Anna G. Björnsdóttir, 2012.

<sup>24</sup> Anna Guðrún Björnsdóttir. 2018. *Handbók um íbúalýðræði í sveitarfélögum*, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík.

<sup>25</sup> Anna Guðrún Björnsdóttir 2018.

<sup>26</sup> Anna Guðrún Björnsdóttir 2018.

Til þess að íbúasamráði virki þurfa íbúar þess að hafa svigrúm til að hafa áhrif á niðurstöður. Forgangsröðun verkefna er mikilvæg forsenda þegar rætt er um íbúasamráð. Starfsmenn Reykjavíkurborg eru engir sérfræðingar í öllum hverfum borgarinnar, íbúar sem búa í þeim eru það að vissu marki. Íbúar hafa meiri þekkingu á, um hvað vantar í þeirra hverfi og hvað gæti gert það betra. Íbúar búa yfir meiri staðartengingu við hverfið sitt og vita hvað ætti að varðveita og hvað ekki. Íbúar hafa sérþekkingu sem fagaðilar í skipulagsmálum hafa ekki og öfugt en saman geta þeir unnið að sameiginlegu markmiði, að gera Reykjavík að betri borg.

## 3.2. Hvar getum við fengið innblástur

Það eru til margar erlendar stofnanir sem beina sjónum að þátttöku íbúa við mótun umhverfisins, sem íslensk íbúasamráð geta lært af og nýtt sér í átt að betri samvinnu við stjórnvöld og öfugt. Vandamálið hérlandis gæti verið að Reykjavíkurborg lítur á íbúasamráð sem skyldu og kvöð í stað tækifæranna sem samráð hefur í för með sér.

*Wer Denkt Was* (i. *Hver heldur hvað*) er þýsk stofnun sem býr yfir yfirgripsmikilli kunnáttu og styðst við rannsóknir og reynslu af árangursríkri íbúapátttöku.<sup>27</sup> Stofnunin hefur þróað með sér úrlausnir sem gera sveitarstjórnnum, smáum eða stórum, kleift að hafa íbúa með í ráðum í verkefnum. Þeir bjóða íbúum tækifæri til að eiga í beinum samræðum við kjörna fulltrúa til þess að koma skoðunum og óskum á framfæri.<sup>28</sup> Ástæða þess að stofnun þeirra virkar vel er að þeir hafa engin takmörk fyrir nýjungum, íbúar geta lagt fram tillögur að nýju leikhúsi og til breytinga á hjólreiðarstígum. Ekkert er íbúum óviðkomandi. Það er það sem vantar í íslenskar lýðræðisstefnur, er að íbúar fái meira vald til stórra breytinga í sínu nærumhverfi frekar en fá valkost um hvort ætti að bæta við körfuboltavelli eða nýjum ljósastaurum í hverfinu sínu. Til þess að íbúalýðræði virki þurfa íbúarnir að fá virkan þátt í fyrstu skrefum í borgarþróun. Á heimasíðu *Wer Denkt Was* eru aðferðir lagðar til, sem að auðvelda borgurum að tjá sig um tiltekin málefni og hafa þær aðferðir borið árangur í sveitarfélögum. Í fyrsta lagi hafa borgarkannanir gegnt stóru hlutverki til að koma skoðunum og óskum íbúa til skila og þær veita hagnýtar upplýsingar um hvaða efni eru mikilvæg fyrir fólk. Með þessum könnunum eru þau efni sýnileg á frumstigi og verða teknar inn í umræðu

---

<sup>27</sup> „About Us.“ *Wer Denkt Was*. Sótt 5. nóvember 2022 af <https://werdenktwas.de/ueber-uns/>.

<sup>28</sup> „About Us.“



fyrir næstu skref. Kostir við borgarkannanir er að þær eru ódýrar, hægt er að fá sýnfrá markhópum sem erfitt er að ná til, hægt er að vinna gegn átökum á byrjunarstigi og margt fleira. „Borgarkannanir eru tilvaldar til að gera þarfir, forgangsröðun og sérhagsmuni borgaranna sýnilegar.“<sup>29</sup> Þau hafa einnig útbúið smáforrit sem er heitir „Defect reporter“ þar sem borgarar geta skráð skemmdir í umhverfinu í gegnum snjallsímann sinn eða í gegnum vefgátt. Tiltekin dæmi um „skemmdir“ geta verið allt frá holu á göngustíg, rusli eða biluð götuljós.<sup>30</sup> Með þessari endurgjöf eru upplýsingar frá borgurum staðlaðar og flokkaðar í samræmi við það til að vinna úr þeim á skilvirkan hátt í miðstjórnunarkerfi og veita almenna endurgjöf.

Í handbók íbúalýðræðis eru einnig nefnd nokkur atriði um hvernig erlend sveitarfélög nota íbúapátttöku við uppbyggingu borga. Eitt af þeim atriðum er „Íbúapallborð“ sem er vel þekkt í norrænum grannríkjum og er sérstaklega notað í Svíþjóð og Noregi.<sup>31</sup> Íbúapallborð er til í ýmsum útgáfum en eiga þau flest það sameiginlegt að þátttakendur eru valdir með slembiúrtaki úr hópi íbúa í hverfum og jafnvel heilum sveitarfélögum. Þeir eru valdnir til að gefa álit um ákveðið efni. Með þeirri aðferð er hægt að nálgast íbúa sem munu vanalega ekki taka þátt í samráði og fá ólíkar skoðanir.<sup>32</sup> Sænska sveitarfélagið Huddinge ákvað að veita hópum sem erfitt er að ná til sérstakan stuðning til að taka þátt í almennu samráði.<sup>33</sup> Sveitastjórn Huddinge telur það mikilvægt að fá fólk með ólík sjónarmið og hagsmuni til að ræða saman. Til að koma til móts við hindranir íbúalýðræðis boðaði sveitarfélagið til undirbúningsfunda og tryggði íbúum túlkajónustu og barnagæslu.<sup>34</sup>

Það er margt sem gæti stutt við íbúalýðræði hér á landi, til að mynda borgarkannanir. Við höfum skapað borgarkannanir þar sem íbúar geta skilað inn athugasemdum og komið þeirra hugmyndum á framfæri. Sveitastjórnir fá því einnig innsýn í hvað gera skal betur. Þrátt fyrir að sveitastjórnir fylgi skrefum handbókarinnar um hvað gera skal, þá þarf tvo í samtal og ekki er hægt að vinna íbúalýðræði án samtals við borgaranna. Báðir aðilar, sveitarstjórnir og íbúar, þurfa að trúá því að samstarf þeirra geti gefið af sér framúrskarandi verk, því án samvinnu beggja verður annar aðilinn ávallt fyrir vonbrigðum.

---

<sup>29</sup> „Citizen Surveys and Polls.“ Wer Denkt Was. Sótt 5. nóvember 2020.

<https://werdenktwas.de/verfahren/umfragen/>

<sup>30</sup> „Defect Reporter.“ Wer Denkt Was. Sótt 5. nóvember 2022.

<https://werdenktwas.de/verfahren/maengelmelder/>

<sup>31</sup> Anna Guðrún Björnsdóttir 2018

<sup>32</sup> Anna Guðrún Björnsdóttir 2018

<sup>33</sup> Anna Guðrún Björnsdóttir 2018

<sup>34</sup> Anna Guðrún Björnsdóttir 2018

#### 4. Hvernig getum við haldið í ævintýri?

Vatnshóll hefur verið partur af samfélaginu okkar í mörg ár og hefur verið uppspretta ævintýra barnanna í hverfinu frá því ég man eftir mér. Þegar framkvæmdir hófust við Vatnshólinn 2020 fann ég fyrir óþægindum, leiða og hræðslu, hræðslu við að fá ekki að upplifa allar þær minningar sem höfðu átt sér stað og munu ekki endurtaka sig. Sleðaferðir í desember, hringja inn áramótin eða fara á leynilega útsýnispallinn. Við stjórnnum ekki öllum breytingum í lífi okkar en við getum stýrt eigin viðbrögðum við þeim breytingum. Þó að breytingar eigi sér stað, þýðir það ekki að endalok séu að eiga sér stað, heldur þurfum við að aðlaga okkur að nýjum veruleika og aðstæðum. Vatnshólinn er ekki farinn þó umhverfið í kringum hann sé breytt og þurfa íbúar nú að tryggja tilveru hans og hefða í nýrri mynd.

Það sem gerði Vatnshólinn eftirsóttan og stað fyrir samkomu var vegna þess að það var auðvelt að nálgast hann. Engar hindranir voru upp að honum áður en í dag eru tvær meðalhár byggingar við hlið hans og er því aðkoman flóknari. Græna svæðið í kringum hólinn lítur meira út eins og bakgarður nýju bygginganna heldur en opið grænt svæði fyrir almenning. Tryggja þarf aðgang íbúa að hólum án þess að vera angra íbúa sem nú búa við hliðina á Vatnshól. Vatnshólinn er ekki í eigu þeirra sem búa við hann heldur er hann almenningseign og tryggja þarf aðgengi allra að honum. Hægt væri að smíða tröppu svo íbúar þurfa ekki að þríla upp hólinn og setja sig í hættu og þar sem eldri borgarar munu búa við hliðina á væri skynsamlegast að gera ferðalagið fyrir þau upp einfaldara. Með því er möguleiki fyrir alla aldurshópa að hagnýta hólinn.

Skólakerfið, Háteigsskóli og leikskólarnir á svæðinu ættu að tryggja að nemendur þeirra haldi áfram að verja tímanum sínum við Vatnshólinn, bæði innan skólatíma og utan. Hvort sem það er einungis göngutúr í kring eða skipuleggja verkefni sem eiga sér stað þar. Með því höldum við Vatnshólnum áfram á lífi og fjörugum. Það myndi einnig vera öllum til mikilla hagsbóta að sameina ung börn og eldri borgarana sem munu búa í nýju byggingunum. Sameina tvær kynslóðir. Það mun hafa jákvæð áhrif á báða hópa. Fyrir eldri borgaranna að sjá leikhætti barna í gegnum stofugluggann sinn gæti mögulega bætt lýðheilsu þeirra.

Samkvæmt nýlegri rannsókn frá *Stanford*, þegar eldri borgarar leggja sitt af mörkum til velferðar ungmenna, ræktar það tilfinningu fyrir tilgangi og eykur ávinning í báðar áttir.<sup>35</sup>

---

<sup>35</sup> „Older people offer resources that children need, Stanford report says.“ *Stanford*, 6.september 2016. <https://news.stanford.edu/2016/09/08/older-people-offer-resource-children-need-stanford-report-says/>.

Sleðabrekkann er áskorun sem íbúar þurfa að taka að sér. Nú þegar nýju byggingarnar eru beint á móti hólnum og snúa í átt að brekkunni sem krakkar nýttu sér til að renna sér er orðið hættulegt vegna hættunnar á að klessa á veggum þeirra. Ef krakkar eiga enn að renna sér á sleðum í sömu brekku, þurfum við að skipuleggja leið sem leiðir sleðann í burtu frá byggingunum. Hugmynd að byggja ramp á Vatnshólnum sem væri nýja sleðabrekkann. Mannbyggð brekka sem væri byggð í þeim tilgangi að halda sleðamenningu enn á lífi.

Það er enginn ákveðin aðferð til þess að halda í ævintýrin sem áður voru, enginn utaðkomandi getur komið með lausn á því máli nema íbúarnir sjálfir innan hverfisins. Til þess að halda í minningarnar og ævintýrin, þarf að halda áfram að heimsækja staðinn. Halda áramótarhefðinni, skíðabrekkunni og ævintýrunum á lífi. Í lokaorðum Irwin Altmans í *Place Attachment*, minnst hann á,

„Til þess að fyllilega skilja röskunina að fullu verður maður að skoða fyrirbyggjandi aðstæður sem hafa áhrif á upplifun tengsla sem og ástand eftir truflun sem hefur áhrif á hvernig einstaklingar geta tekist á við tap sitt og byrjað að endurbyggja tengsl við staði og fólk.“<sup>36</sup>

---

<sup>36</sup> Altman og M. Low, *Place Attachment*, bls 301.

## Niðurlag

Vatnshóll mun ætíð leika stór hlutverk í æskuminningum mínum og margra í hverfinu. Hann er hluti af minningu minni þegar pabbi minn fór með mig í fyrsta skipti á sleða og þegar hann kenndi mér að hjóla án hjálparadekkja, þegar ég og bekkjarsystkinin mín tókum upp stuttmynd fyrir verkefni um Kjalnesinga sögu, þar hlupum við niður brekkuna með trésverð og „teppa-skyggju“ á öxl. Þegar ég og vinir mínir „brutumst“ inn í Vatnshólinn þegar önnur hurðin að vatnstankinum var ólæst eitt vetrarkvöld. Þessar minningar eru einar af þeim mörgum sem íbúarnir hafa skapað við Vatnshólinn og kringum hann. Þó að Vatnshóllinn standi enn, er hans nær umhverfi allt annað. Áður var Vatnshóllinn umkringdur gróðri og trjám en í dag er hann umkringdur nýbyggingum. Þrátt fyrir að þétting byggða sé að hinu góða, þá er mikilvægt að setja henni ákveðin mörk. Í dag er sjaldgæf sjón að sjá stór óspillt græn svæði innan hverfa og því mikilvægt að varðveita þau fáu sem eftir eru. Það er á ábyrgð íbúanna að varðveita og viðhalda þeim svæðum. Íbúarnir eru þeir sem mynda tengsl við þau því fyrir utanaðkomandi er þetta bara eitt annað svæði í borginni. Þess vegna þurfa íbúar að taka virkan þátt í íbúarlýðræði og koma hugmyndunum sínum á framfæri við stjórnendur. En til þess að það virki þurfa stjórnendur að taka á móti þeim með opnum örmum. Tími er til kominn að sameina þessa tvo hópa og fá ólík sjónarmið og hugmyndir að framkvæmdum til að tryggja sátt.

Mín skoðun er að íbúar hafa ekki mikla stjórn á þeim hlutum sem skipta þá máli. Það væri sárt að sjá það sem gerðist í okkar hverfi endurtaka sig. Þrátt fyrir að íbúarnir í hverfi mínu gerðu allt sem í þeirra valdi var til að koma þeirri skoðun á framfæri og fylgdu öllum leiðbeiningum sem var hægt að fylgja, bar það engan árangur. Tími er kominn fyrir nýja leikáætlun. Það er margar aðrar stofnanir víða um heim sem hafa og eru að glíma við nákvæmlega sömu vandamál og við hérlandis. Við gætum lært af þeim og kannað þeirra aðferðir til að fá betri niðurstöðu. Sem verðandi arkitekt, þykir mér mikilvægt að huga að íbúum og hvernig þeir upplifa sitt eigið umhverfi, hvernig þeim líður og hvað er hægt að gera til að hugsa um og huga að vellíðan þeirra. Ég hef tekið sjálfa mig sem dæmi um hvernig íbúar tengjast umhverfi sínu og hvað staðir geta haft mikla merkingu fyrir þá. Það er mikilvægt að hugsa til íbúa borgarinnar því án þeirra er engin borg.

## Heimildaskrá

„About Us.“ *Wer Denkt Was*. Sótt 5. nóvember 2022 á <https://werdenktwas.de/ueber-uns/>.

Altman, Irwin og Setha M. Low, *Place Attachment*. 12. útg. New York: Plenum Press, 1992.

Anna G. Björnsdóttir. Mars 2012. „Íbúalýðræði – yfir og allt um kring.“ Samband Íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík.

Anna Guðrún Björnsdóttir. 2018. *Handbók um íbúalýðræði í sveitarfélögum*, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavík.

Águst Ingi Jónsson. „Blekkingarleikur sem rímar illa við staðreyndir.“ *Morgunblaðið*, 13. febrúar 2020.

Árni Rúnar Þorvaldsson. „Sveitarfélögin og íbúalýðræði.“ *Vísir*, 21. janúar 2022. Sótt 10. október 2022 á <https://www.visir.is/g/20222211704d/sveitar-fe-login-og-i-bua-lyd-raedi>.

„Citizen Surveys and Polls.“ *Wer Denkt Was*. Sótt 5. nóvember 2020 á <https://werdenktwas.de/verfahren/umfragen/>.

„Defect Reporter.“ *Wer Denkt Was*. Sótt 5. nóvember 2022 á <https://werdenktwas.de/verfahren/maengelmelder/>.

„Torfbæir á Íslandi.“ *Heimsmínjar*. Sótt 6. nóvember 2022 á [http://www.heimsminjar.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=10:torfbaeir-a-islandi&catid=9:verkefni&Itemid=15](http://www.heimsminjar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=10:torfbaeir-a-islandi&catid=9:verkefni&Itemid=15).

Íbúasamtök 3.hverfis-Hlíðar, Holt og Norðurmyri. „Frá Íbúasamtökum í vesturhluta Reykjavíkur.“ Stöðuuppfærsla á Facebook. 25. maí 2020. <https://www.facebook.com/vinirvatnsholsins/>.

Kvinder, Peter D og John P. Rafferty. „Not in My Backyard Phenomenon.“ *Britannica*, 14. júní, 2016. <https://www.britannica.com/topic/Not-in-My-Backyard-Phenomenon>.

Lovísa Arnarsdóttir. „Ekki búnir að gefast upp á Vatnshólnum.“ *Fréttablaðið*, 17. apríl 2021. Sótt þann 26. september 2022 á <https://www.frettabladid.is/frettir/ekki-bunar-ad-gefast-upp-a-vatnsholnum/>.

„Older people offer resources that children need, Stanford report says.“ *Stanford*, 6. september 2016. <https://news.stanford.edu/2016/09/08/older-people-offer-resource-children-need-stanford-report-says/>.

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. 2012. Ritröð um grunnþætti menntunar. *Lýðræði og Mannréttindi*. Ritstýrt af Aldís Yngvadóttir og Sýlvía Guðmundsdóttir. Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Reykjavíkurborg, Umhverfis- og skipulagssvið. 6. febrúar 2020. *Sjómannaskólareitur*. Borgarráð Reykjavíkur, 101 Reykjavík.

„Reykjavíkurborg vinnur að lýðræðistefnu í samráði við íbúa.“ *Samband íslenskra sveitarfélaga*. 20. nóvember 2020. <https://www.samband.is/frettir/reykjavikurborg-vinnur-ad-lydraedistefnu-i-samradi-vid-ibua/>.

Vinir Vatnshólsins. Án titils. Stöðuuppfærsla á Facebook. 16. apríl 2021. <https://www.facebook.com/vinirvatnsholsins/posts/2953960174883932>.